

Fundur stýrihóps um forvarnir

7. fundur 7. desember 2011.

Mættir Sigurður Skólastjóri. Magnús sóknarprestur. Kristján yfirlögregluþjónn, Kristín skólahjúkrunarfræðingur. Karólína tólmstundafulltrúi og Eydís fræðslu og félagsmálastjóri.

Eydís fór yfir fundargerðir 2011 og fór yfir föst verkefni sem er mikilvægt að halda áfram í samfélaginu. Ákveðið að Eydís taki saman verkefnið og reyni að tímasetja þau fyrir næsta ár.

Sigurður sagði frá árlegri kynningu varðandi hættur í kringum áramót. Björgunarsveitin Húnar kemur í skólann í desember.

Búið er að framkvæma verkefnið Hugsað um barn og það gekk mjög vel nema tenginguna milli samstarfsaðila þarf að slípa betur.

Tóbaksfræðsla, munn- og neftóbak. Kristín ætlar að athuga leiðir til fræðslu.

Rætt um mikilvægi jákvæðra samskipta og hugsanlegur fræðslufundur á nýju ári varðandi þau með það að leiðarljósi að virkja alla til ábyrgðar.

Forvarnarhópurinn mun styrkja námsskeið sem verður haldið 2. Janúar í Grunnskóla Húnaþings vestra. Námsskeiðið er haldið af TMF fyrir foreldra og kennara barna með lestrar-skriftar og hreyfiferfiðleika.

Ákveðið að hafa árlegt átak varðandi notkun á endurskinsmerkjum og sýnikennslu til að tryggja almenna notkun.

Fundi lokið 9.55 Fundargerð ritaði Eydís Aðalbjörnsdóttir fræðslu og félagsmálafulltrúi.

Næsti fundur í byrjun janúar.